

Ed.

273. Nefndarálit

um frv. til laga um nauðungaruppboð á fasteignum og skipum.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefir athugað frv. þetta og getur fallist á, að nauðungarsala á fasteign eða skrásettu skipi skuli fara fram með einu uppboði, í stað þriggja eftir gildandi lagaákvæðum.

Aftur á móti telur nefndin, að ekki sje nægilega trygður rjettur þriðja

manns með því, að slík uppboð sjeu auglýst aðeins einu sinni, og vill ekki breyta frá gildandi reglum að því er það atriði snertir.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með svofeldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Fyrri málsgrein skal orða svo:

Nú á fasteign eða skrásetningarskytt skip að seljast nauðungarsölu, og fer hún fram með einu uppboði, sem uppboðsráðandi auglýsir þrisvar sinnum í röð í blaði því, sem flytur opinberar auglýsingar. Skal fyrsta auglýsingin birt að minsta kosti 6 vikum áður en uppboð skal fram fara.

Alþingi, 21. febr. 1928.

Jón Baldvinsson,
form.

Ingvar Pálmason,
frsm.

Jón Þorláksson.